

Brunavarnir A-Hún.

Fundur 26. september 2005

Mánudaginn, 26. september 2005 kom stjórn Brunavarna A-Hún ásamt oddvitum aðildarsveitarfélaga til fundar á skrifstofu Blönduóssbæjar kl. 17:30. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

- 1. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2005.**
- 2. Drög að endurskoðaðri brunavarnaráætlun 2006.**
- 3. Önnur mál.**

Afgreiðslur:

1. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2005.

Með vísan í fundargerð stjórnar Brunavarna A-Hún frá 5. september sl. er gert ráð fyrir að framlög aðildarsveitarfélaga til Brunavarna A-Hún hækki um alls 7 mkr árið 2005 og nemi alls kr. 16.791.000 á árinu. Þessi hækkun er tilkomin vegna inngöngu slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra í LSS, aukinna æfinga og starfa skv. gildandi brunavarnaráætlun og launleiðréttinga fyrrum slökkviliðsstjóra.

Breytingar á fjárhagsáætlun 2005 voru bornar undir fundinn og samþykktar samhljóða.

2. Drög að endurskoðaðri brunavarnaráætlun 2006.

Slökkviliðsstjóri lagði fram tillögur að æfingaáætlun Brunavarna A-Hún fyrir árið 2006. Umræður urðu um tillögurnar. Æfingaáætlun fyrir árið 2006 er vísað til næstu fjárhagsáætlanagerðar.

3. Önnur mál voru engin.

*Ágúst Þór Bragason (sign.)
Björn Magnússon (sign.)
Erlendur G. Eysteinnsson (sign.)
Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)
Tryggvi Jónsson (sign.)
Valgarður Hilmarsson (sign.)
Andrés Leifsson, slökkviliðsstjóri (sign.)*

Fundargerð upplesin og samþykkt.

*Fundi slitið kl. 18:45.
Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)*